

Fagbréf atvinnulífsins

Handbók um framkvæmd raunfærnimats og starfsþjálfunar fyrir vottun á færni í starfi.

Fagbréf atvinnulífsins er leið til að sýna fram á færni fólks í starfi. Ferlið hefst á raunfærnimatsferli á móti hæfniviðmiðum starfs. Ef þátttakandi uppfyllir viðmiðin er það staðfest með útgáfu Fagbréfs, en ef það vantar upp á mikilvæga færniþætti er unnið að þjálfun þar sem þess er þörf. Þegar fullri færni er náð miðað við hæfniviðmið starfsins er færni staðfest með Fagbréfi sem er gefið út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA). FA er í eigu aðila vinnumarkaðarins.



Handbókin er hugsuð sem hjálpartæki fyrir þau sem halda utan um framkvæmd ferlisins. Í viðaukum handbókarinnar eru gátlistar fyrir þá sem koma að ferlinu, form fyrir verkáætlun sem er skilað áður en verkefni hefst og skilagreinarform til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins við lok verkefna. Rafræna útgáfu er að finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is

Frekari upplýsingar eru veittar hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Haukur Harðarson haukur@frae.is

Fjóla María Lárusdóttir fjola@frae.is

Efnisyfirlit

Tilgangur og ávinningur	3
Kröfur um gæði og samræmda aðferðafræði.....	4
Hæfnigreiningar – undirstaða fyrir matsviðmið	4
Hverjir geta haldið utan um framkvæmd verkefna?	5
Framkvæmd tengd hópum sem ekki eru í starfi.....	5
Stuðningur FA við framkvæmd.....	5
Fjármögnunarleiðir	6
Starfsmenntasjóðir	6
Fræðslusjóður.....	6
Stofnanir og virkniúrræði	6
Matsaðilar	7
Innri og ytri matsaðili.....	7
Matslistar.....	7
Verkferill um framkvæmd raunfærnimats og starfsþjálfunar fyrir störf	8
Undirbúningur	9
Stýrihópur.....	9
Upplýsingagjöf til mögulegra þátttakenda og annarra.....	9
Raunfærnimat	10
Hópur myndaður	10
Sjálfsmat	10
Mat á hæfni	10
Starfsþjálfun	11
Fagbréf	11
Viðaukar og fylgiskjöl.....	12
Gæðakröfur fyrir framkvæmd raunfærnimats og starfsþjálfunar fyrir störf	12
Gátlistar	13
Undirbúningur – áður en lagt er af stað	13
Stýrihópur, gátlisti - helstu atriði sem stýrihópur þarf að taka ákvörðun um.....	13
Verkefnastjórn - grunnur.....	14
Verkátun til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins	15

Handbók um framkvæmd raunfærnimats og starfsþjálfunar fyrir störf

Uppfærð í júní 2022

Útgefandi: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Ritstjórn: Haukur Harðarson, Fjóla María Lárusdóttir og Hildur Betty Kristjánsdóttir

Tilgangur og ávinningur

Raunfærnimat á móti viðmiðum starfa dregur fram færni meðal starfsfólks og í framhaldi af mati er unnið að uppbyggingu á færni ef þess er þörf. Þegar fullri færni er náð miðað við kröfur starfsins er hún staðfest með Fagbréfi.

*Traust milli
fyrirtækis og
starfsmanna*

Fagbréf atvinnulífsins byggja á samstarfi fyrirtækis/stofnunar og starfsfólks þess. Þegar farið er í ferli þar sem hæfni starfsfólks er mæld á móti hæfniviðmiðum starfs þarf að ríkja traust milli starfsfólks og fyrirtækis.

Því er brýnt að tilgangur og aðferðafræði liggi fyrir áður en lagt er af stað í verkefni og öllum ljóst að niðurstöður raunfærnimatsins verði nýttar til að byggja upp færni þar sem þess er þörf.

- Forsendur fyrir þátttöku starfsfólks er að þau búi yfir starfsreynslu og starfi hjá því fyrirtæki þar sem verkefnið er framkvæmt.
- Forsendur fyrir þátttöku fyrirtækis er að starfsmenn eiga kost á starfsþjálfun ef þörf er á út frá niðurstöðum raunfærnimats

Fagbréf eru gefin út af [Fræðslumiðstöð atvinnulífsins](#) sem er í eigu aðila vinnumarkaðarins. FA vottar jafnframt að réttari aðferðafræði hafi verið beitt við framkvæmd mats og starfsþjálfunar.

*Fagbréf
staðfesta færni
einstaklings*

Fyrirtæki og starfsfólk geta nýtt rétt sinn úr [starfsmenntasjóðum](#) til að kosta ferlið. Einnig er hægt er að sækja í [Fræðslusjóð](#) vegna framkvæmdar raunfærnimats ef þátttakendur tilheyra markhópi hans.

*Það er alltaf val
starfsmanns að
taka þátt*

Á móti þarf fyrirtæki að leggja fram tíma starfsmanna sinna til að sinna verkefninu (þátttakendur og innri matsaðilar).



Fyrirtæki

Yfirsýn yfir færni starfsfólks.
Markviss uppbygging á færni í takt við þarfir.
Störfum sinnt af starfsfólki með færni við hæfi.
Sýnilegar hæfnikröfur vegna starfsþróunar og við ráðningar í störf.
Horft til staðfestar færni við framgang í starfi og launaákvæðanir.
Virðing fyrir atvinnugrein og aukin samkeppnishæfni.



Einstaklingar

Færni sýnileg og staðfest með áreiðanlegum hætti.
Ljóst hvaða færni og þekkingu þarf að efla.
Auknir möguleikar á vinnumarkaði.
Staðfest færni hefur áhrif á starfsþróun og kjör.
Sýnilegar hæfnikröfur vegna starfsþróunar.
Virðing fyrir starfi og auknið starfsöryggi.

Kröfur um gæði og samræmda aðferðafræði

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) hefur það hlutverk að tryggja gæði, gildi niðurstaðna og miðla upplýsingum um raunfærnimatskerfið, uppfæra hæfniviðmið, gefa út Fagbréf, þjálfra fagaðila og viðurkenna ábyrgðaraðila fyrir framkvæmd.

Til að tryggja gæði og þar með gildi á vinnumarkaði er aðferðafræði við framkvæmd samræmd og krafist er staðfestingar á því að aðferðafræði sé fylgt. Því geta ýmsir aðilar haldið utan um framkvæmd en þeir þurfa að hafa staðfesta þekkingu á aðferðafræði og uppfylla kröfur um gæði framkvæmdar.

*Samræmd
aðferðafræði til
að tryggja gæði*

Ábyrgðaraðili fyrir framkvæmd tryggir að framkvæmd sé í samræmi við gæðakröfur. Skila þarf gögnum inn til FA sem sýna fram á að gæðaviðmiðum hafi verið fylgt.

Gæðakröfur skiptast í eftirfarandi þætti:

- Stjórnun, markmið og umsýsla
- Upplýsingagjöf, meðhöndlun gagna og útgáfa Fagbréfa
- Undirbúningur og framkvæmd raunfærnimats og starfsþjálfunar

Nánari útlitun
á gæðakröfum
er aftar í
handbókinni

Ef um er að ræða fyrsta raunfærnimatsverkefni sem viðkomandi (fræðsluaðili, fyrirtæki) hefur umsjón með, er gerð krafa um aðkomu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins að verkefninu, með setu í stýrihópi sem hefur það hlutverk að undirbúa ferlið fyrir ákveðið starf og fylgja framkvæmd eftir. Þátttöku FA í stýrihópi fylgir ekki aukakostnaður.

Hæfnigreiningar – undirstaða fyrir matsviðmið

Hæfniviðmið eru unnin með atvinnulífi þvert á fyrirtæki en ekki fyrir störf í einstökum fyrirtækjum. Greining á starfi felur í sér lýsingu á starfi, verkefnum sem því fylgja og þá færni sem þarf til að sinna því. Störf eru flokkuð inn á þrep í [Íslenska hæfnirammann](#) og byggist sú tenging á þeirri ábyrgð og sjálfstæði sem fylgir starfinu.

Framkvæmd hæfnigreiningar starfa er samræmd hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) og útrá hæfnigreiningum eru búnir til matslistar fyrir einstök störf.

Frekari upplýsingar um greiningarferlið er [hér](#)



Matslistar fyrir störf eru vistaðir miðlægt hjá FA. Þegar búið er að greina hæfniviðmið eru þau endurskoðuð með reglubundnum hætti.

Hverjir geta haldið utan um framkvæmd verkefna?

Umsjón/ábyrgð framkvæmdar getur verið i höndum símenntunarmiðstöðva, fræðslumiðstöðva iðngreina, annarra fræðsluaðila, ráðgjöfum eða hjá því fyrirtæki eða stofnun þar sem verkefnið fer fram.

Til að framkvæmd verði sem hagkvæmust er myndaður hópur sem fer saman í gegnum ferlið þó að matið sjálft sé einstaklingsmiðað. Fyrirtæki geta verið í samstarfi um framkvæmd fyrir sambærileg störf ef áhugi er fyrir hendi.

Framkvæmd tengd hópum sem ekki eru í starfi

Ef framkvæmd er ekki tengd ákveðnu fyrirtæki/um þarf að tryggja að þátttakendur eigi kost á starfsþjálfun út frá niðurstöðum raunfærnimats. Sú ábyrgð liggur hjá framkvæmdaraðila. Að sjálfsögðu þarf einnig að vera til staðar starfsreynsla í því starfi sem metið er á mótí.

Slík verkefni geta átt við einstaklinga í atvinnuleit eða þau sem hafa tímabundið verið utan vinnumarkaðar af öðrum ástæðum.

Stuðningur FA við framkvæmd

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur námskeið fyrir alla verkefnastjóra og matsaðila sem koma að framkvæmd raunfærnimats. Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu. Það er einnig velkomið að leita til FA um ráð og leiðbeiningar.



Fjármögnunarleiðir

Í mörgum tilvikum er það samsetning hópsins sem tekur þátt í verkefninu sem ræður hvaða fjármögnunarleiðir eru mögulegar.

Kostnaður við verkefnin er breytilegur t.d. hefur það áhrif á kostnað hvort utanumhald er aðkeypt, hvort þörf er á utanaðkomandi matsaðilum og einnig hvort þörf er á þjálfun að loknu raunfærnimati – eftir þörfum einstaklinga.

Ef utanumhald er aðkeypt og greiða þarf að hluta til fyrir vinnu matsaðila má gera ráð fyrir að kostnaður sé að meðaltali um 100 þúsund fyrir hvern einstakling sem líkur ferlinu.

Helstu fjármögnunarleiðir eru:

Starfsmenntasjóðir

- Fyrirtæki geti nýtt rétt sinn í starfsmenntasjóðum til að kosta verkefni
- Starfsmenn geta nýtt réttinn til að greiða kostnað við þátttöku.
- Úthlutanir takmarkast við fyrirtæki og starfsmenn sem greiða í sjóði

Fræðslusjóður

- Greiðir fyrir kostnað við raunfærnimat fyrir þau sem ekki hafa lokið framhaldsskólanámi.
- Úthlutanir eru takmarkaðar við símenntunarmiðstöðvar og fræðslumiðstöðvar iðngreina.

Stofnanir og virkniúrræði

- Verkefni sem oftast eru einskorðuð við ákveðin hóp og án beinnar tengingar við vinnustað.
- Dæmi um slíkt eru Vinnuálastofnun, Virk-starfsendurhæfingarsjóður eða aðrir sem sjá sér hag í að nýta aðferðafræði raunfærnimats til að meta stöðu einstaklinga.

Matsaðilar

Matsaðilar þurfa að njóta trausts bæði stjórnenda og starfsfólks. Eftir því sem matsaðilar standa nær starfsmönnum sem fara í gegnum ferlið verður þetta traust mikilvægara. Í öllum tilvikum verða matsaðilar að vera samþykktir af stýrihópi verkefnisins.

Innri og ytri matsaðili

Í verkefnunum er gerð krafa um teymi innri og ytri matsaðila. Meta þarf út frá hverju verkefni hvort þörf er á báðum matsaðilum í matsamtölum.

Innri matsaðili/ar geta staðið tiltölulega nálægt þeim sem kemur í raunfærnimat t.d. verkstjóri, deildarstjóri eða aðili sem stýrir vinnu þar sem starfsmaðurinn starfar dags daglega.

Ytri matsaðili getur komið utan frá eða verið starfsmaður fyrirtækis. Ef hann kemur innan úr fyrirtæki þarf hann að standa fjær daglegri stjórnun þeirra sem koma í mat, en hafa heildaryfirsýn á hæfniviðmið starfsins.

Matsaðilar þurfa að hafa þekkingu á ferli raunfærnimats og aðferðafræði við mat og fylgja gæðaviðmiðum. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins býður upp á námskeið fyrir verkefnastjóra og matsaðila sem koma að framkvæmd raunfærnimats. Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Innri matsaðili Áhersla	Dagleg starfsemi og menning fyrirtækis	Þekking á verkferlum og fagþáttum í daglegu starfi
Matsaðilar	Matsaðilar sjá saman um áherslur í mati , aðferðafræði við mat og vinnulag.	
Ytri matsaðili Áhersla	Þekking á starfs- grein og starfs- umhverfi	Dýpri skilningur og heildarsýn á hæfniviðmið

Matslistar eru nýttir í sjálfsmati þátttakenda og síðan af matsaðilum við mat á hæfni.

Hluti af matslista fyrir verslun (dæmi)	1	2	3	4
Ég get viðhaldið útliti og uppröðun verslunar				
- fylgst með sölu og rýrnun og brugðist við þegar rýrnun eykst				
- séð til að verðmerkingar séu til staðar á réttum stað				
- leitað eftir upplýsingum sem þarf til að aðstoða viðskiptavini				
- rýnt og skoðað sölutölur vöru aftur í tímann og áætlað sölu				
- haldið deild hreinni og skipulagðri – passað upp á hreinlæti og gæði				
- fylgst með framboði og eftirspurn í deild og brugðist við þegar framboð eykst				
- sinnt vöruframsetningu og haldið vinnuumhverfi hreinu og snyrtilegu				
- veitt framúrskarandi þjónustu				
- sinnt öllum útstillingum í minni deild				
- sinnt pöntunum inn og út úr versluninni				

Verkferill um framkvæmd raunfærnimats og starfsþjálfunar fyrir störf





Undirbúningur

Mikilvægt er að tilnefna verkefnastjóra sem heldur utan um undirbúning og framkvæmd – fundi og gögn. Verkefnastjórar sem stýra framkvæmd þurfa að hafa aflað sér þekkingar um hugmyndafræði og aðferðafræði raunfærnimats og hafa traust til að stýra verkefnum. Verkefnastjórar, í samstarfi við stýrihópa, bera ábyrgð á að gæði í framkvæmd séu í samræmi við gæðakröfur og skilgreinda aðferðafræði.

Stýrihópur

Stýrihópur er ábyrgur fyrir framkvæmd og að hún sé í samræmi við kröfur um samræmda aðferðafræði og gæði. Jafnframt að tryggja að það sé vilji innan fyrirtækis að fara í þessa vegferð. Samsetning stýrihóps tekur mið af umfangi verkefnisins, þar þurfa að lágmarki að vera fulltrúar fyrirtækis, starfsfólks og þess aðila sem ber ábyrgð á framkvæmd.

Ef um er að ræða fyrsta raunfærnimatsverkefnið sem viðkomandi (fræðsluaðili, fyrirtæki,) stýrir er gerð krafa um setu FA í stýrihóp verkefnis. Hún er kostuð af FA.

Helstu verkefni stýrihóps:

- Greina ávinning og markmið með verkefni
- Fjármögnun
- Kynningarmál
- Starfsaldursviðmið - reynsla til að taka þátt í verkefninu?
- Matsaðilar – hverjir koma til greina og er þörf á þjálfun?
- Starfsþjálfar – hverjir koma til greina og er þörf á þjálfun?
- Verkefnastýring, ábyrgð á gæðum og skil á gögnum
- Ef koma upp ábendingar um að framkvæmd sé ekki í lagi hvert á að leita?

Gerð er krafa um skil á verkáætlun til FA áður en framkvæmd hefst

Upplýsingagjöf til mögulegra þátttakenda og annarra

Markmiðið er að starfsfólk geti metið út frá gefnum upplýsingum hvort þau vilji taka þátt.

Mikilvægt er að millistjórnendur og trúnaðarmenn (fulltrúar starfsfólks) þekki í hverju verkefnið felst og geti veitt frekari upplýsingar.

Dæmi um atriði sem þarf að fjalla um á upplýsingafundi:

Tilgangur – ávinningur	Lýsing á verkefninu Matsviðmið	Matsviðmið Matsaðilar	Fagbréf
Markmið – ávinningur starfsmanna og fyrirtækis	Hvernig er ferlið? Ef ég vil taka þátt, hvað geri ég?	Hverir verða matsaðilar?	Hvað er fagbréf?
Alltaf valkvætt ferli fyrir starfsfólk	Hvaða skilyrði eru fyrir þátttöku?	Hvað er gert við niðurstöður?	Hver er tilgangur þeirra?
Hvað gerist ef ég stend ekki viðmið?	Matsviðmið kynnt og gerð aðgengileg	Meðferð gagna	Hafa Fagbréf áhrif á laun?



Raunfærnimat

Matsaðilar meta raunfærni starfsfólks. Matsaðilar þurfa að njóta trausts bæði stjórnenda og starfsfólks. Eftir því sem matsaðilar standa nær starfsfólki sem fer í gegnum ferlið verður þetta traust mikilvægara. Einnig er gerð krafa um að matsaðilar hafi hlotið þjálfun og hafi skilning á verkefningu í heild.

Hópur myndaður

Eftir kynningu er opnað fyrir skráningu. Mælt er með því að myndaður sé hópur sem fylgist að í gegnum verkefnið. Það einfaldar umsýslu, skipulag, matsviðtöl og starfsþjálfun. Mælt er með að hópastærð fari ekki yfir 20, þá eykst flækjustig umtalsvert.

Lykilatriði

- Mikilvægt að einfalt sé að sækja um og hvað þarf að hafa til að geta tekið þátt.
- Ef starfsmaður sækir um en af einhverjum ástæðum fær ekki að taka þátt þarf að útskýra af hverju og hvort aðrar leiðir séu í boði.

Sjálfsmat

Þetta er fyrsti liður í raunfærnimatinu. Þátttakendur meta sína hæfni á móti matsviðmiðum áður en matsaðilar hefja sína vinnu. Markmiðið er að þau kynnist viðmiðum, tengi þau við sína vinnu og geri sér betur grein fyrir hvaða hæfni þau hafa byggt upp í starfi.

Lykilatriði

- Matsviðmið eiga að vera sýnileg öllum sem hafa áhuga á að kynna sér þau
- Þátttakendur geti leitað til matsaðila til að fá útskýringar á viðmiðum

Mat á hæfni

Matsaðilar meta hæfni þátttakanda miðað við hæfniviðmið og nýta til þess matslista. Matið er í flestum tilvikum í formi samtals á milli matsaðila og starfsmanns. Stundum eru þátttakendur beðnir um að sýna fram á hæfni með framkvæmd. Áður en matssamtal fer fram hafa matsaðilar aðgengi að sjálfsmati þátttakanda og geta þannig tengt það við matið.

Lykilatriði

- Mat á hæfni fer fram á vinnustað og á vinnutíma
- Matsaðilar þurfa að hafa getu til að dýpka matsviðmið með spurningum og dæmum
- Matsaðilar þurfa að geta skapað umhverfi og tryggt að samtalið fari fram á jafningjagrunni
- Matsaðilar þurfa að geta lagt mat á hvort starfsmaður hafi staðist viðmið eða ekki
- Matsaðilar þurfa að geta skýrt út og fært rök fyrir niðurstöður mats fyrir þátttakendum



Starfsþjálfun

Starfsþjálfar eru í flestum tilvikum starfsmenn þess fyrirtækis þar sem verkefnið fer fram. Í sumum tilvikum eru það sömu aðilar sem eru starfsþjálfar og matsaðilar.

Að loknu raunfærnimati á að liggja fyrir hvaða færniþættir eru metnir og hvaða færniþætti þarf að þjálfra frekar. Þá er skipulögð einstaklingbundin starfsþjálfun í samráði við starfsþjálfva og starfsmann. Umfang er mismunandi eftir niðurstöðum raunfærnimats.

Hæfniviðmið Starf					
Raunfærnimat Niðurstaða	Metið	Ekki metið	Metið	Metið	Ekki metið
Starfsþjálfun					
Hæfni staðfest Fagbréf					

Starfsþjálfun fer í flestum tilvikum fram á vinnustað og undir handleiðslu starfsþjálfva. Í einhverjum tilvikum fer hluti af starfsþjálfun fram utan fyrirtækis t.d. námskeiðshald.

Þegar starfsþjálfvi metur að hæfni sé náð er hún staðfest af starfsþjálfva. Það þarf að vera rekjanlegt t.d. með undirskrift.



Fagbréf

Þegar öll matsviðmið eru staðfest, annaðhvort með raunfærnimati eða með starfsþjálfun, er gefið út Fagbréf fyrir viðkomandi starfsmann. Verkefnastjóri er ábyrgur fyrir að senda upplýsingar um þau sem hafa lokið ferlinu til FA.

Fagbréf eru gefin út á nafni einstaklinga og á því kemur fram heiti starfs, stutt lýsing á starfi auk yfirflokka sem hæfni/færni var staðfest í. Auk þess er starfið tengt við Íslenska hæfnirammann sem lýsir sjálfstæði og ábyrgð sem fylgir starfinu.

Forsenda fyrir útgáfu Fagbréfa er að kröfum um samræmda aðferðafræði og gæði hafi verið fylgt.

Skila þarf inn staðfestingu á því ásamt nöfnum og kennitölum starfsfólks sem hefur lokið ferlinu til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.



Viðaukar og fylgiskjöl

Gæðakröfur fyrir framkvæmd raunfærnimats og starfsþjálfunar fyrir störf

Stjórnun, markmið og umsýsla	
Ábyrgðaraðili fyrir framkvæmd tryggir að	Staðfest
1. skipaður sé stýrihópur og hann upplýstur um ábyrgð sína á að framkvæmd sé í samræmi við kröfur um aðferðafræði og gæði	
2. verkefnið sé fjármagnað og að fyrir liggi verk- og kostnaðaráætlun	
3. til staðar sé verkefnastjóri sem beri ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd	
4. verkefnastjóri, matsaðilar og starfsþjálfar hafi getu og þekkingu til að sinna sínum verkefnum	
5. kallað sé eftir endurgjöf frá stýrihópi, þátttakendum, matsaðilum og starfsþjálfum og niðurstöður nýttar í umbótastarf	
6. notuð séu matsviðmið starfs frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	

Upplýsingagjöf og meðhöndlun gagna	
Ábyrgðaraðili fyrir framkvæmd tryggir að:	Staðfest
1. meðferð og varðveisla persónuupplýsinga sé í samræmi sbr. lög nr. 90/2018.	
2. gögnum sé skilað til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins vegna útgáfu fagbréfa	
3. þátttakendur séu upplýstir um mögulegan ávinning af verkefninu	
4. þátttaka sé valkvæð	
5. þátttakendur séu upplýstir um skipulag, meðhöndlun gagna og framkvæmd	
6. matsviðmið séu sýnileg og aðgengileg þátttakendum	
7. aðgengi sé að ráðgjöf ef fólk vill og tilvísanir gerðar eftir þörfum	

Undirbúningur og framkvæmd raunfærnimats og starfsþjálfunar	
Ábyrgðaraðili fyrir framkvæmd tryggir að:	Staðfest
1. framkvæmd sé í samræmi við aðferðafræði sem krafist er af FA	
2. þátttakendur, matsaðilar og starfsþjálfar geti sinnt verkefninu í vinnutíma	
3. að loknu raunfærnimati sé skýrt hvaða hæfniviðmiðum er lokið	
4. sett sé fram einstaklingmiðuð áætlun um starfsþjálfun fyrir hæfniviðmið sem ekki var lokið með raunfærnimati	

Skil á gögnum til FA vegna útgáfu Fagbréfa	
Ábyrgðaraðili fyrir framkvæmd tryggir að:	Staðfest
1. áður en farið er af stað með verkefni þarf að skila inn verkáætlun til FA (sjá bls 15)	
2. skilagrein um framkvæmd sé skilað til FA eftir að verkefni lýkur	
3. Fagbréf séu afhent þátttakendum	

Gátlistar

Undirbúningur – áður en lagt er af stað	
Grunnatriði	Staðfest
1. Umræða um hugsanlegan ávinning og markmið með verkefni	
2. Greina hvaða fjármögnunarmöguleikar eru opnir?	
3. Hvaða störf væri mögulegt að vinna með?	
4. Eru til færni viðmið fyrir þau störf – vistuð miðlægt hjá FA	
5. Er líklegt að það verði sátt um verkefnið (fyrirtæki / starfsmenn)	
<p>Það er velkomið að leita til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins eftir upplýsingum og samtali. Ef niðurstaðan er að halda áfram með verkefnið er næsta skref að stofna stýrihóp um það. Ef um fyrsta verkefni er að ræða er gerð krafa um setu FA í stýrihóp.</p>	

Stýrihópur, gátlisti - helstu atriði sem stýrihópur þarf að taka ákvörðun um	
Grunnatriði	Staðfest
1. Hvaða störf á að vinna með og hverjum býðst að taka þátt?	
2. Fjármögnun - þörf og hvaða leiðir á að nýta	
3. Starfsaldursviðmið - reynsla sem þarf að hafa til að taka þátt í verkefninu?	
4. Verkefnastýring, ábyrgð á gæðum og skil á gögnum	
5. Matsaðilar – hverjir koma til greina og er þörf á þjálfun?	
6. Starfsþjálfar – hverjir koma til greina og er þörf á þjálfun?	
7. Kynning – áherslur og framkvæmd	
8. Ef koma upp ábendingar um að framkvæmd sé ekki í lagi, hvert á að leita?	
9. Kynningarmál	
<p>Verkefnastýring er lykilþáttur en jafnframt þarf að vera til staðar þekking á aðferðafræði.</p> <p>Mikilvægt er að stýrihópur taki ákvörðun um hvort leita á til utanaðkomandi aðila til að stýra verkefninu. Velkomið að leita til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins eftir upplýsingum, ráðgjöf og samtali.</p>	

Verkefnastjórn - Grunnur	
Unnið er að neðangreindum þáttum í nánu samstarfi við fulltrúa fyrirtækis	Staðfest
1. Leiða vinnu stýrihóps eftir að ákvörðun er tekin um verkefnið	
2. Setja upp verk- og kostnaðaráætlun	
3. Matslistar – tryggja að þeir séu til staðar	
4. Greina þörf fyrir þjálfun matsaðila og starfsþjálfna	
5. Tryggja þjálfun þar sem þess er þörf	
6. Skipleggja og halda utan um upplýsingagjöf til þátttakanda	
7. Skipuleggja og halda utan um ferli raunfærnimats	
8. Koma að skipulagi og utanumhaldi starfsþjálfun þar sem hennar er þörf	
9. Tryggja aðferðafræði og að gæðaviðmiðum sé fylgt (miðlun)	
10. Samskipti og skil á gögnum til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins	
<p>Ef upp koma vafamál er alltaf hægt að leita til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um ráðgjöf. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur námskeið fyrir verkefnastjóra og matsaðila sem koma að framkvæmd raunfærnimats. Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu.</p>	

Verkáætlun til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Fyrirtæki þar sem verkefnið verður unnið	
Nafn fyrirtækis	
Tengiliður fyrirtækis	
Netfang	
Símanúmer	

Ábyrgð á gæðum og aðferðafræði *	
Ábyrgðaraðili fyrir framkvæmd	
Tengiliður ábyrgðaraðila	
Netfang tengiliðs	
Símanúmer	
Er þetta fyrsta verkefni?	

Starf – störf sem verður unnið með	
Starfsheiti 1	
Starfsheiti 2	

Umfang og fjármögnun			
Hvað er gert ráð fyrir að þátttakendur verði margir?			
Hvernig er áætlað að verkefnið verði fjármagnað?			
Starfsmenntasjóðir	Fræðslusjóður	Annað	
Verkáætlun: Setjið mánuð og ár undir hvern verkþátt			
Undirbúningur	Raunfærnimat	Starfsþjálfun	Fagbréf
Áætluð verklok			

Yfirlýsing
<p>Ábyrgðaraðili fyrir framkvæmd hefur kynnt sér gæðakröfur og aðferðafræði verkefna sem er forsenda fyrir útgáfu Fagbréfa frá FA.</p> <p>Verkefnastjóri hefur fengið vottun frá FA eða mun sækja sér vottun.</p>

Já	
----	--

Fyrir hönd ábyrgðaraðila
Nafn og dagsetning
